

Nr. 050 / 16 Eldborg SH 370***Vélavana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 6878
Smíðaður: Ísland 1987, Trefjaplast
Stærð: 5,90 brl. 4,97 bt.
Mesta lengd: 8,41 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1



Eldborg©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júní 2016 var Eldborg SH 370 á strandveiðum á Breiðarfjarðamiðum. Veður: ANA 6-7 m/sek.

Á veiðunum varð báturinn vélavana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg dró bátinn til hafnar á Rífi.

Við rannsókn kom fram:

- að öxull í nýlegri kælivatnsdælu brotnaði og vélin yfirhitnaði;
- að sögn skipstjóra hafði framleiðandinn ekki staðfest bilanir eða galla á dælum en skipt hafði þó verið tvisvar um dælu í þessum bát;
- að umboðsaðili Volvo Penta taldi að orsökina væri sú að drifreimin væri ekki rétt hert en það þurfi að gerast eftir leiðbeiningum og eftir mæli.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.